

## FUNDARGERÐ

310. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, mánudaginn 20. júní 2022 kl. 18:00.

### Mætt eru:

Fráfarandi stjórnarmenn: Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB).

Stjórnarmenn sem halda áfram setu í stjórn: Ágústa Björnsdóttir (ÁB)

Nýir fulltrúar í stjórn Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Hildur Þórisdóttir (HP).

Af aðalmönnum nýrrar stjórnar eru fjarverandi: Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ). Varamaður VJ átti ekki heimangengt

Framkvæmdastjóri: Aðalsteinn Þórhallsson (AP).

Gunnar Jónsson setti fund og stýrði lið 1 og 2 og að því loknu tók Ágústa Björnsdóttir við fundarstjórn.

### **Dagskrá**

---

- 1 Áritun fundargerðar síðasta fundar
  - 2 Ný stjórn skiptir með sér verkum
  - 3 Þagnarheit stjórnarmanna
  - 4 Fundartími fastra funda stjórnar
  - 5 Starfsreglur stjórnar – til kynningar
  - 6 Yfirferð um stöðu verkefna og mála
  - 7 Önnur mál
    - a. Stjórnarmönnum þakkað
- 

#### **1 Áritun fundargerðar síðasta fundar**

Fundarmenn fráfarandi stjórnar undirrita fundargerð 309.

#### **2 Ný stjórn skiptir með sér verkum**

*Formaður:* Ágústa Björnsdóttir

*Varaformaður:* Vilhjálmur Jónsson

*Ritari:* Ívar Karl Hafliðason

*Meðstjórnendur:* Helgi Hlynur Ásgrímsson og Hildur Þórisdóttir

Samþykkt samhljóða og tók Ágústa við stjórn fundarins.

#### **3 Þagnarheit stjórnarmanna**

Viðtakandi stjórnarfolk áritar yfirlýsingu um þagnarheit um málefni félagsins.

#### **4 Fundartími fastra funda stjórnar**

Tillaga um að stjórn haldi reglulega fundi sína annan þriðjudag í hverjum mánuði kl. 14:00.

#### **5 Starfsreglur stjórnar – til kynningar**

Fyrirliggjandi starfsreglur stjórnar lagðar fram til kynningar.

## 6 Yfirferð um stöðu verkefna og mála

Fyrir er lagður listi helstu verkefna veitnanna sem í gangi eru.

Framkvæmdaáætlun félagsins kynnt lauslega, en hún þarfnast uppfærslu fljótlega, m.a. vegna stöðu á verktakamarkaði í Múlaþingi.

Listi um helstu mál á borði stjórnar lagður fram og yfirfarinn.

## 7 Önnur mál

### a. Stjórnarmönnum þakkað

Gunnari og Skúla færður þakklætisvottur fyrir vel unnin störf í þágu veitunnar um áratuga skeið.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 20:05.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2022

_____	_____
_____	_____
_____	_____